

Samþykkt um friðun trjáa í Reykjavík

1. gr.

Skipulags- og byggingarnefnd Reykjavíkur fer með mál samkvæmt samþykkt þessari undir yfirstjórn borgarstjórnar Reykjavíkur og í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar eftir því sem við á. Skipulags- og byggingarnefnd getur falið garðyrkjustjóra Reykjavíkurborgar fullnaðarafgreiðslu þessara mála, sbr. þó 2. mgr. 4. gr., og fer þá um meðferð þeirra eftir samþykkt þessari.

2. gr.

Samþykkt þessi tekur til allra trjáa í Reykjavík, sem eru 8 m eða hærri og sem eru eldri en 60 ára. Ákvæði samþykktar þessara víkja fyrir strangari ákvæðum, sem sett eru í deiliskipulagi einstakra reita eða borgarhverfa.

3. gr.

Óheimilt er að fella tré samkv. 2. gr. nema með leyfi garðyrkjustjóra, eða eftir atvikum skipulags- og byggingarnefndar.

Umsókn um leyfi til að fella tré skal beint til garðyrkjustjórans í Reykjavík. Garðyrkjustjóri getur gert kröfu til þess að umsækjandi leggi fram með umsókn sinni afstöðumynd, ljósmyndir og/eða greinargerð eftir því sem þörf er á.

Ekki geta aðrir en eigendur trjáa fengið leyfi til að fella þau. Sé um að ræða tré á lóð fjöleignarhúss skal fylgja umsókn skriflegt samþykki meirihluta þinglýstra eigenda, bæði miðað við fjölda og hlutdeild í lóð, sbr. D-lið 41. gr. laga um fjöleignarhús.

4. gr.

Garðyrkjustjóri skal rökstyðja afgreiðslu sína á umsóknum samkv. 3. gr.

Nú synjar garðyrkjustjóri leyfisumsókn og skal athygli umsækjanda þá vakin á því, að hann getur skotið máli sínu til skipulags- og byggingarnefndar. Skipulags- og byggingarnefnd skal þá taka umsóknina til formlegrar afgreiðslu.

5. gr.

Ofangreind samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur, sem sett er samkvæmt heimild í 5. mgr. 37. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, staðfestist hér með samkv. 6. mgr. 37. gr. sömu laga til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er felld úr gildi samþykkt nr. 403/1998 um fellingun trjáa í Reykjavík.